

## **20. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

Lög nr. 3 frá 1. apr. 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum skulu vera í gildi til 1. apríl 1926.

### **Athugasemdir við frumvarpið:**

Lögin frá 1. apr. 1924 um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum falla úr gildi í árslok 1925. Ríkissjóður mun enganveginn mega missa á árinu 1926 tekjuauka þann, er leiðir af lögum þessum, sist að öllu leyti, en búast má við að rjett þætti að gera einhverjar breytingar á lögnum þegar liðinn er sá tími, sem þeim upphaflega var ætlað að standa. En það er ótækt að gera slíkar breytingar löngum tíma áður en þær eiga að ganga í gildi, þær þurfa helst að koma með sem minstum fyrirvara eins og breytingar á aðflutn-

ingstollum yfir höfuð. Það er því ekki hagkvæmt að taka til meðferðar á Alþingi, er nú fer í hönd, breytingar á lögnum, er ganga ættu í gildi í árslok 1925, heldur þykir hentugra að fara fram á að gildi laganna verði framlengt í 3 mánuði, til 1. apr. 1926, og verði svo tekin ákvörðun um frekara framhald, með breytingum ef ástæða þykir til, á Alþingi 1926.